



Jafnlaunastefna Akureyrarbæjar

Jafnlaunastefna Akureyrarbæjar er í samræmi við lög um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna nr. 150/2020. Henni er ætlað að tryggja að jafnréttis sé gætt við allar launa- og kjaraákvæðanir.

Launaákvæðanir skulu vera gagnsæjar, byggðar á málefnalegum forsendum og miða að því að greiða starfsmönnum sömu laun fyrir sambærileg og jafn verðmæt störf.

Allar launa- og kjaraákvæðanir skulu vera rekjanlegar og skjalfestar.

Akureyrarbær greiðir laun í samræmi við gildandi kjarasamninga á hverjum tíma, samþykktir og reglur Akureyrarbæjar. Samband íslenskra sveitarfélaga fer með umboð um gerð kjarasamninga fyrir hönd sveitarfélagsins. Stefna Sambands íslenskra sveitarfélaga er að þróa áfram starfsmatskerfið SAMSTARF í samstarfi við stéttarfélög.

Akureyrarbær skuldbindur sig til að:

- Innleiða jafnlaunakerfi í samræmi við jafnlaunastaðal ÍST 85:2012, skjalfesta það, viðhalda og vinna að stöðugum umbótum.
- Öðlast og viðhalda jafnlaunavottun í samræmi við 7. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna nr. 150/2020.
- Framkvæma launagreiningu árlega, kynna starfsfólki niðurstöður hennar og setja fram markmið og áætlun um úrbætur ef tilefni er til.
- Framkvæma rýni stjórnenda árlega, setja fram jafnlaunamarkmið og rýna þau.
- Að tryggja að launakjör, almenn réttindi og skyldur starfsfólks fari eftir gildandi lögum, samþykktum og reglum sveitarfélagsins og kjarasamningum á hverjum tíma.
- Tryggja að launasetning starfsfólks og aðrar kjaraákvæðanir séu á grundvelli kjarasamninga og reglna sem sveitarfélagið setur sér.
- Tryggja að jafnréttis sé gætt við samþykkt og framkvæmd reglna um aukagreiðslur og hlunnindi.
- Kynna starfsfólki jafnlaunastefnuna og hafa hana aðgengilega á heimasíðu Akureyrarbæjar.

Ábyrgðarmörk og heimildir:

- Sviðsstjóri mannauðssviðs í samráði við forstöðumann launamála, ber formlega ábyrgð á framvæmd launa- og kjaraákvæðana og gætir þess að ferlar séu skýrir og skjalfestir og samræmis sé gætt við alla ákvarðanatöku þar um.

- Í þeim tilvikum sem samið hefur verið í kjarasamningum um starfsmat ber að meta öll ný störf í starfsmati í samræmi við gildandi verklagsreglur um starfsmat sveitarfélaga SAMSTARF og verklagsreglur Akureyrarbæjar.
- Stjórnendur bera ábyrgð á að viðeigandi gögn séu unnin vegna starfsmats og þeim skilað til mannauðsdeildar innan settra tímamarka.
- Stjórnendur stofnana bera ábyrgð á að gerðar séu starfslýsingar fyrir öll störf og að endurskoða starfslýsingar eftir þörfum en þó eigi sjaldnar en á fimm ára fresti.
- Stjórnendur sviða og stofnana bera ábyrgð á að vinna í samræmi við kjarasamninga, samþykktir, reglur og leiðbeiningar Akureyrarbæjar á hverjum tíma og er óheimilt að taka ákvarðanir um launa- og kjaramál sem ekki eru í samræmi við fyrrgreint.

Verklagsreglur:

- Samhliða samþykkt jafnlaunastefnu samþykkir bæjarráð verklagsreglur bæjarráðs um heimildir vegna kjaraákvæðana og hlunninda sem setja skulu skýran ramma um framkvæmd jafnlaunastefnu. Verklagsreglur þessar skulu endurskoðaðar af bæjarráði eftir þörfum.

Samþykkt í bæjarráði 7. apríl 2022

Samþykkt í bæjarstjórn 12. apríl 2022